



## HAFNARFJÖRÐUR

### Umsögn - 16. mars 2017

Efni: Hraunkambur 2, umsögn vegna lóðarstækkunnar, 1702334

Þann 20. febrúar sækir Guðjón Freyr Eiðsson um lóðarstækkun við Hraunkamb 2. Á lóðinni sem er 94,5 m<sup>2</sup> stendur nú 21,8 m<sup>2</sup> bílskúr úr timbri frá árinu 1983.

Nú er óskað eftir að stækka lóðina til norðurs og að aðliggjandi lóðum við Reykjarvíkurveg, líkt og uppdráttur teiknaður af teiknistofunni RÚm dags. 17.02.2017 sýnir. Lóðin er stækkuð um 333,5 m<sup>2</sup> og gert er ráð fyrir nýtingarhlutfalli 0,8.

Sk. innsendum uppdrætti er nýtingarhlutfall á lóð hærra en á aðliggjandi lóðum og við götuna.

Hraunkambur 2 stendur við svæði sem samkvæmt *Húsverndun í Hafnarfirði, stefnumörkun, tillaga vinnuhóps frá janúar 2002* (fylgiskjal Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025), bls. 5, kafli 3.2.2. Svæði II segir: "Við óskir um breytingar innan þessara svæða þyrfti að viðhafa aðgát með svipuðum hætti og á svæði I."

*Hús á lóðinni við Hraunkamb 2 er tæki mið af stærðarhlutföllum aðliggjandi húsa og efnisvali færi vel í götumyndinni. Huga þyrfti að bilastæðamálum og leysa þau innan lóðar.*

*Mælt er með að lóðarstækkun verði heimiluð og í framhaldi væri byggingarreitur innan lóðar skoðaður ásamt uppbyggingarmöguleikum.*

---

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt